

## 14. fundur Framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn á Austurvegi 56, Selfossi, 12. nóvember 2008 kl. 14:00

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Hörður Sigurgestsson, Jóna Sigurbjartsdóttir, Snorri Finnlaugsson og Elvar Valsson. Einnig mættu starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands á fundinn: Steingerður Hreinsdóttir og Sædís Íva Elíasdóttir sem ritaði fundargerð.

Elliði Vignisson og Hrafn Sævaldsson tóku þátt í fundinum í gegn um fjarfundabúnað.

**Setning fundar.** Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

### 1. Fjármál

VSSV hefur úthlutað í 28 verkefni frá 2007 og þar af hefur 9 verkefnum verið lokið. Farið var yfir fjármál samningsins til ársins 2009.

### 2. Staða verkefna

Rætt var um stöðu verkefna. Steingerður sagði frá Klasatorgi sem haldið var í Borgarnesi 30. okt. sl. Hrafn gerði grein fyrir hvað er að gerast í Vestmannaeyjum.

### 3. Verkefni sem lokið er

Framkvæmdaráð samþykkir að tekið verði saman á einn stað yfirlit yfir þau verkefni sem hafa hlotið stuðning þar sem fram kemur a) hver stuðningurinn var, b) samstarfsaðilar verkefnis, c) stutt lýsing á árangri verkefnis og d) staðfesting á að verkefni sé lokið.

Steingerður gerði grein fyrir þeim verkefnum sem lokið er. Þau eru;

- A) Háskólaverkefni: Unnin var mikil greiningarvinna sem leiddi til þess að stofnað var Háskólafélags Suðurlands ehf. Starfandi fyrirtæki í dag sem tekur þátt í og heldur utan um klasavinnu á háskólastigi, átaksverkefni, skólaverkefni og rannsóknarklasa. Félagið er að ráða starfsmann á næstu dögum.
- B) Íslandshof: Verkefni sem snerist um hagkvæmniáætlun á byggingu fjölnota reiðhalla. Verkefni lauk með ítarlegri viðskiptaáætlun og greinargerð til 10 ára. Ekki hefur verið ákveðið að stíga næsta skref í málinu vegna breyttra aðstæðna á fjármálamarkaði og í skipulagsmálum Árborgar.
- C) Tyrkjasetrið, VM: Heitir Sögusetrið 1627 í dag. Mikið starf hefur farið fram í þessum klasa. Annars vegar hefur starfsemin snúist um félagslega starfsemi og hins vegar hús. Margir viðburðir verið haldnir á vegum félagsins. Klasinn gerði samstarfssamning við Vestmannaeyjabæ um rekstur safnahússins og stofnuð hefur verið heimasíðan [www.1627.is](http://www.1627.is) Klasinn hefur skilað 4 áfangaskýrslum.
- D) Rannsókn og fræðasetur VM. Verkefnið var klasasamstarf þekkingareininga sem samnýta aðstöðu og mannafla til að efla starfsemi sína. Verkefni lauk 23. janúar sl. þegar stofnað var Þekkingarsetur Vestmannaeyja. Stofnaðilar eru 36. Stefnt að fjölgun stöðugilda úr 14 í 44 á næstu árum.
- E) Reiðleiðir og þjónusta í Rangárvallasýslu: Samstarfsverkefni sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu, Hestamannafélagsins Geysis, hestamanna, ferðaþjónustuaðila, landeigenda og annarra atvinnurekenda í sýslunni. Markmið verkefnisins var að gera reiðleiðir og þjónustu sýnilegri og aðgengilegi fyrir hinn almenna hestamann. Niðurstaðan var að sett var upp heimasíða þar sem hægt er að nálgast reiðleiðakort af svæðinu og ýmsar upplýsingar um svæðið.

- F) Rúnturinn í Rangárþingi: Sameiginlegt markmið verkefnisins var að gera þátttökufyrirtæki í Rangárþingi auka samstarf á milli þeirra. Safnað hefur verið miklu magni upplýsinga sem aðgengilegar eru á netinu [www.south.is](http://www.south.is) og hjá Upplýsingamiðstöð Suðurlands. Upplýsingarnar eru nú tilbúnar til nota í sameiginlegt markaðsátak.
- G) Safnaklasi á Suðurlandi. Samstarf 62 safna á Suðurlandi. Gerð var ítarleg stefnumótunarskýrsla fyrir söfnin öll, gefinn út kynningarbæklingur og stofnuð voru formleg samtök safna á Suðurlandi. Klasinn í samstarfi við Matarkistu Suðurlands hélt Safnahelgi Suðurlands helgina 7.-9. nóvember sl. sem tókst í alla staði mjög vel. Heimasíða [www.sofnasudurlandi.is](http://www.sofnasudurlandi.is).
- H) Grímur kokkur, VM. Verkefni lauk í október 2008. Niðurstaðan úr verkefninu er fullbúin vara sem komin er í sölu. Unnið að frekari þróun á verkefninu en mikil verðmætasköpun hefur orðið af verkefninu.

#### 4. Starfið framundan

Farið yfir möguleikana á verkefnum sem horft verður til á árinu 2009. Orkumálin eru stór málaflokkur sem nauðsynlegt er að horfa til og finna tækifæri sem þar felast.

Samþykkt var að næsti stjórnarfundur verði haldinn 9. desember 2008 kl. 14.00 á Austurvegi 56, Selfossi.

**Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00**

\_\_\_\_\_  
Friðrik Pálsson

\_\_\_\_\_  
Snorri Finnlaugsson

\_\_\_\_\_  
Hörður Sigurgestsson

\_\_\_\_\_  
Jóna Sigurbjartsdóttir

\_\_\_\_\_  
Elvar Valsson

\_\_\_\_\_  
Sædís Íva Elíasdóttir

\_\_\_\_\_  
Steingerður Hreinsdóttir